

AUGLÝSING

52

12. okt.

um viðbótarákvæði við samning milli Íslands og Stóra-Bretlands 25. október 1938, um framsal sakamanna, sem komizt hafa undan og birtur er í A-deild Stjórnariðindanna, með auglýsingu nr. 43 14. júlí 1939.

Samkvæmt tilkynningu í erindi brezka sendiráðsins í Kaupmannahöfn, dags. 13. september 1939, hefir Hans hátign konungur Stóra-Bretlands, Írlands, brezku sjálfstjórnarríkjanna í öðrum heimsálfum, keisari Indlands, samkvæmt 3. grein sanningsins, sem undirritaður var í London 25. október 1938, um framsal sakamanna, er hafa komizt undan, ákveðið, að samningurinn skuli taka til sjálfstjórnarríkisins Ástralíu, ásamt landssvæðunum Papua og Norfolk Íslands, svo og til umboðsstjórnarríkjanna New Guinea og Nauru.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðuneytið, utanríkismáladeild, 12. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

KONUNGSBRÉF

53

16. okt.

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn
1. nóvember 1939.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér, samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 1. nóvember 1939.

Gjört á Amaliuborg, 16. október 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.